



### LOFTUR GUÐMUNDSSON LJÓSMYNDARI

Loftur Guðmundsson ljósmyndari var fæddur í Hvammsvík í Kjós þann 18. ágúst 1892. Foreldrar hans voru Jakóbína Jakobsdóttir frá Valdastöðum og Guðmundur Guðmundsson frá Hvítanesi sem lengi var organisti við Reynivallakirkju. Loftur kvæntist Stefaníu Grímsdóttur (1898-1940) og eignuðust þau fjögur börn. Stefanía lést ung. Seinni kona Lofts var Guðríður Sveinsdóttir. Loftur var músikalskur líkt og faðir hans og lagði stund á nám í orgelleik í Kaupmannahöfn og hélt tónleika í Dómkirkjunni við heimkomuna. Loftur starfaði þó fyrst og fremst sem ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður og var einn helsti ljósmyndari landsins á öðrum fjórðungi tuttugustu aldar. Hann var útnefndur konunglegur sænskur hirðljósmyndari í heiðurskyni fyrir störf sín. Loftur var fyrst og fremst portrettljósmyndari en tók einnig myndir fyrir Leikfélag Reykjavíkur um árabíl, auk þess nokkuð af atburða- og staðarmyndum á fyrstu starfsárum sínum.

Loftur var einn af frumherjum kvikmyndagerðar hér á landi, en fyrsta mynd hans var stuttmyndin *Ævintýri Jóns og Gvendar* sem var frumsýnd árið 1923. Tveimur árum síðar frumsýndi Loftur heimildamynd sem bar heitið *Ísland í lifandi myndum*, en hann ferðaðist vítt og breitt um landið til að taka efni í þá mynd sumarið 1924. Fleiri heimildamyndir fylgdu í kjölfarið. 1949 var frumsýnd eftir hann fyrsta íslenska talmyndin í fullri lengd, *Milli fjalls og fjöru*, sem tekin var m.a. við Háls og Meðalfellsvatn í Kjós og skartaði m.a. Gunnari Eyjólfsyni í sínu fyrsta leikhlutverki. Árið 1951 tók Loftur svo myndina *Niðursetningin* og kom sér upp kvikmyndaveri í Hækingsdal þar sem tókur fóru fram. Þetta var hans síðasta kvikmynd. Eitt af síðustu verkum Lofts var að heimsækja Kjósina haustið 1951 til að vígja orgel sem hann gaf kirkjunni ásamt systkinum sínum í minningu föður þeirra. Loftur lék eigið lag, „Ave María“, við athöfnina. Loftur lést þann 4. janúar 1952 eftir erfið veikindi.



### LOFTUR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR

Loftur Guðmundsson rithöfundur var fæddur þann 6. júní 1906 að Þúfukoti í Kjós. Foreldrar hans voru Guðmundur Hansson og María Gottsveinsdóttir bændur í Þúfukoti. Loftur lagði stund á kennaranám í Reykjavík og í Svíþjóð og brautskráðist frá Lýðháskólanum í Tärna sem leikfímikennari. Árið 1939 kvæntist hann Tölu Klemenzdóttur (1921-2006). Þau eignuðust þrjá syni; Guðmund Marinó, Indriða og Gunnar Heiðar. Auk þeirra átti Loftur einn son, Gunnar Svein. Loftur skrifaði leikrit og stundaði jafnframt önnur ritstörf. Hann samdi meðal annars leikritin *Hreppstjórinn á Hraunhamri*, *Sedlaskipti* og *ástir* og *Brimhljóð*. Einnig skrifaði Loftur viðtalsbækur og barnabækur og ásamt Þorleifi Þorleifssyni kvikmyndasöguna *Síðasti bærinn í dalnum* sem var fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar og var m.a. tekin upp í Kjósinni. Leikstjóri var Ævar Kvaran. Jörunn Viðar samdi tónlist við myndina og var það í fyrsta sinn sem samin var tónlist við kvikmynd í fullri lengd hér á landi. Loftur er þó hvað best þekktur fyrir störf sín sem þýðandi og söngtextahöfundur, en hann þýddi meðal annars bækur Hergé um *Tinna* og gerði



texta við mörg þekkt lög eins og „Hér stóð bær“ og „Bjössu á mjólkurbílnum“. Einnig samdi Loftur texta við mörg sönglög Oddgeirs Kristjánssonar, á þeim tíma sem hann var kennari í Vestmannaeyjum. Um tíma var Loftur leikhúsgagnrýnandi dagblaðsins *Vísir*. Loftur lést þann 29. ágúst 1978.



### LEIKKLÚBBUR KJÓSVERJA

Leikklúbbur Kjósverja var stofnaður 18. nóvember 1978. Frumkvæði að stofnun leikklúbbsins hafði öðrum fremur Sigprúður Jóhannesdóttir á Morastöðum sem vann í Ásgarðsskóla og var hún formaður. Auk hennar voru í stjórn Einar Ólafsson í Ásgarði, varaformaður, Hrefna Gunnarsdóttir á Felli, ritari og Hulda Þorsteinsdóttir í Eilífsdal, gjaldkeri. Á jólaskemmtun leikklúbbsins í árslok 1978 voru færðir upp tveir leikþættir, *Táknmál ástarinnar* og *Sannleikstóllinn*. Leikklúbburinn stóð fyrir fjölbreyttum menningarviðburðum og starfaði af krafti næstu árin. Leikklúbburinn fékk inngöngu í Bandalag íslenskra leikfélaga árið 1980. Á jólaskemmtun 1981 var leikinn þáttur úr *Gullna hliðinu* eftir Davíð Stefánsson. Jafnframt var sýning á norrænni myndlist. Síðasta verkefni Leikklúbbs Kjósverja var leikritið *Músagildran* í leikstjórn Jóns Hjartarsonar 1984. Sýnt var víða um suðvesturhornið, allt frá Borgarfirði til Reykjanesskagans.



### HREPPSTJÓRINN Á HRAUNHAMRI

Leikklúbbur Kjósverja setti upp leikrit Lofts Guðmundssonar yngra (sem þá var nýlega látinn) *Hreppstjórinn á Hraunhamri* í árslok 1979. Leikstjóri var Sverrir Guðmundsson skóllestjóri Ásgarðsskóla sem lék hrepp-

stjórnann. Aðrir leikendur voru Kristinn Kristinsson á Mora-  
stöðum, Sigþóra Oddsdóttir á Sandi, Haraldur Hjartarson  
á Eyri, Sigbrúður Jóhannesdóttir á Morastöðum, Finnur  
Pétursson í Káranesi, Bergþóra Einarsdóttir í Káraneskoti,  
Lilja Aðalsteinsdóttir og Andrés Gíslason á Hálsi. Verkið var  
sýnt þrisvar í Félagsgarði fyrir fullu húsi og einnig í Borgar-  
firði og víðar. Tala Klemenzdóttir, ekkja Loftis Guðmunds-  
sonar, kom á frumsýninguna.



#### VÆNGSTÝFÐIR ENGLAR

Leikklúbbur Kjósverja setti upp leikritið *Vængstýfða engla*  
eftir S. & B. Spewack í þýðingu Bjarna Guðmundssonar í  
árslok 1980. Leikstjóri var Hákon Waage. Frumsýnt var  
í Félagsgarði 28. desember 1980 og var önnur sýning 29.  
desember. Einnig var sýnt í Logalandi, Fannahlíð, Hlégarði,  
Akranesi og víðar. Í hlutverkum englanna voru Kristinn  
Kristinsson á Morastöðum, Eiríkur Davíðsson í Miðdal  
og Halldór Gíslason á Hálsi. Aðrir leikendur voru Anna  
Einarsdóttir á Kiðafelli, Gunnar Halldórsson úr Reykja-  
vík, Ólafur Magnússon í Eyjum, Einar Ólafsson í Ásgarði,  
Kristín Hjaltadóttir Kiðafelli og Björn Hjaltason á Kiðafelli.  
Ljósameistarar voru Haraldur Hjartarson á Eyri og Guðni  
Oddgeir Indriðason.



Frumsýningarparti *Svefnlausa brúðgumans* í Ásgarði 1982. Fremst hægra megin er Sverrir  
Guðmundsson leikstjóri, þá Björn Hjaltason, Svana Kristjánsdóttir, Kristín Hreiðars-  
dóttir, Sigbrúður Jóhannesdóttir og Kristján Oddsson. Fremst vinstra megin er Eiríkur  
Davíðsson, þá Ólafur Magnússon, Kristín Hjaltadóttir, Guðmundur Davíðsson, Anna  
Einarsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Vilborg Sigurðardóttir.



#### SVEFNLAUSI BRÚÐGUMINN

Leikklúbbur Kjósverja setti upp leikritið *Svefnlausa  
brúðgumann* eftir Arnold og Bach í árslok 1982. Leikstjóri  
var Sverrir Guðmundsson skólastjóri í Ásgarðsskóla. Frum-  
sýnt var milli jóla og nýárs 1982.

Leikendur voru Ólafur Magnússon í Eyjum, Guðmundur  
Davíðsson í Miðdal, Vilborg Sigurðardóttir í Hvammsvík,  
Kristín Ólafsdóttir á Hálsi, Sigbrúður Jóhannesdóttir á  
Morastöðum, Eiríkur Davíðsson í Miðdal, Björn Hjaltason  
á Kiðafelli, Kristín Hjaltadóttir á Kiðafelli, Kristján Oddsson  
á Neðra-Hálsi, Svana Kristjánsdóttir á Grjóteyri, Kristín  
Hreiðarsdóttir, Anna Einarsdóttir og Sverrir Guðmunds-  
son í Ásgarði. Sýnt var í Garði, Logalandi, Hvoli, Kópavogi,  
Hlégarði, Seltjarnarnesi og Bíóhöllinni Akranesi.



**Texti og hönnun:** Ólafur J. Engilbertsson / Sögumiðlun ehf.

**Prentun sýningar:** Sýningakerfi ehf.

**Prentun bæklinga:** Hjá Guðjón Ó.

**Ljósmyndir:** Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni, Sigbrúður Jóhannesdóttir o. fl.  
**Samstarfs- og styrktaraðilar:** Sýningin er sett upp í samvinnu Sigbrúðar Jóhannes-  
dóttur, Sögumiðlunar, Leikminjasafns Íslands, Kvikmyndasafns Íslands, Kjósarstofu og  
Kjósarhrepps. Sýninguna má sjá á vef Leikminjasafnsins, [www.leikminjasafn.is](http://www.leikminjasafn.is).



KJÓSARHREPPUR



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

# Leiklist í Kjós

LOFTUR GUÐMUNDSSON LJÓSMYNDARI  
LOFTUR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR  
OG LEIKKLÚBBUR KJÓSVERJA



Úr *Síðasta bænum í dalnum* eftir sögu Loftis Guðmundssonar rithöfundar.



Björn Hjaltason, Kristín Ólafsdóttir og Guðmundur Davíðsson í *Svefnlausa brúðgamanum*.



Loftur Guðmundsson ljósmyndari við tölur á *Niðurstetningum* í Hækingsdal 1951.